

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Seyðisfjarðarhöfn nr. 380/1985.

1. gr.

Við 14. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

14.6. Hámarkssiglingahraði á hafnarsvæðinu er 4 mílur.

14.7. Köfun á hafnarsvæðinu er stranglega bönnuð nema með skriflegu leyfi hafnarstjóra. Köfunarleyfi að flaki El Grillo er bundið réttindum til köfunar á slíku dýpi. Allt brott-nám hluta úr flaki El Grillo er stranglega bannað, nema með leyfi umhverfis-ráðuneytisins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í hafnalögum nr. 23/1994 og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 16. október 2002.

Sturla Böðvarsson.

Jóhann Guðmundsson.